

Árni Gunnarsson  
Landsvirkjun  
Háleitisbraut 68  
103 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. nóvember 2008  
Tilvísun: UST20081100034/bs

### **Rannsóknaboranir í Gjástykki í Þingeyjarsveit. Drög að tillögu að matsáætlun.**

Vísað er til bréfs Landsvirkjunar dags. 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög.  
Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin:

#### **Staðsetning borteigs:**

Í drögum að tillögu að matsáætlun segir m.a. á bls. 11: *Sýndar verða fyrstu hugmyndir að hugsanlegum borteigum, legu vega innan orkuvinnslusvæðis og lagnaleiða frá borholum að skiljustöðvum og þaðan að stöðvarhúsi.*

Staðsetning borteigs inn á hrauni hefur þær afleiðingar í för með sér að a.m.k. lagnaleiðir frá borteignum munu liggja um hraun ef af vinnslu jarðvarma verður.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu ætti að fjalla um þann möguleika að staðsetja borteig utan við hraun fá Kröflueldum og gera gróflega grein fyrir því hvernig sá borteigur myndi tengjast öðrum mannvirkjum á sambærilegan hátt og ráðgert er sbr. ofangreinda tilvitnun.

Slíkur samburður myndi væntanlega leiða í ljós hvort unnt sé að forðast röskun eldhrauns sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

#### **Áhrif á jarðmyndanir/landslag:**

Í drögum að tillögu að matsáætlun segir m.a. á bls. 18: *Bent verður á fjögur fyrirbæri sem mætti telja til sérstakra jarðmyndana í Gjástykki.....Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir mati á áhrifum á jarðmyndanir og afstaða borteigsins til sérstæðra jarðmyndana sýnd.*  
Umhverfisstofnun telur að leggja eigi heildstætt mat á verndargildi þess svæðis sem hér um ræðir í stað þess að leggja áherslu á verndun stakra jarðmyndana á tillits til stærra samhengis. Slík nálgun getur vel átt við um svæði eins og Kröflu þar sem leggja þarf áherslu á samspil einstakra jarðmyndana og mannvirkja bæði nýrra og þeirra sem fyrir eru. Þessi aðferð á vart við um svæði eins og Gjástykki sem ber lítil merki mannvirkjagerðar ólíkt Kröflu.


Tilviljun ræður ekki afstöðu eins borteigs til annars því telur Umhverfisstofnun að skoða ætti gróflega sjónræn áhrif mannvirkjagerðar á svæði sem til þessa hefur verið óbyggt í stað þess að skoða einungis áhrif eins borteigs á jarðmyndanir og landslag.

Stofnunin telur að skoða eigi hugsanlega legu mannvirkja á umræddu svæði eins snemma í ferlinu og kostur er. Hér er ekki verið að leggja til mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, heldur verið að leggja til að nýta sem best gögn sem hvort eð er verða lögð fram sbr. tilvitnun hér að ofan.

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson



Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri